

Mars 2022

# Öryggismál í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar

skýrsla og tillögur starfshóps



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

**Starfshópurinn:**

Gísli Ólafsson, verkefnastjóri á frístundahluta fagskrifstofu  
Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjóri á grunnskólahluta fagskrifstofu  
Sigríður Marteinsdóttir, verkefnastjóri á grunnskólahluta fagskrifstofu  
Daníel Benediktsson, verkefnastjóri í fjármála- og rekstrarþjónustu

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur****Mars 2022**

## Inngangur

Starfshópur um öryggismál í skóla- og frístundastarfi hefur unnið tillögur samkvæmt erindisbréfi frá 1. október 2020. Fyrri starfshópur hafði þá kynnt niðurstöður sínar og samkvæmt erindisbréfi var framhaldsvinnu ætlað að kostnaðarmeta áætlun um innleiðingu á tillögum til að bæta öryggi og forgangsraða miðað við aðstæður og þörf á hverjum stað. Einnig var starfshópnum ætlað að gera viðmið og verklagsreglur ef upp koma óvæntar ógnandi aðstæður sem starfsstaðir SFS geta unnið eftir.

Starfshópurinn sendi könnun á stjórnendur í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi þar sem sjá má hversu mikla þörf stjórnendur telja á auknu öryggi í skóla- og frístundastarfi. Þar voru þau meðal annars spurð út í hversu mikla þörf þau telja á auknum öryggisráðstöfunum, hverjar þær öryggisráðstafanir ættu að vera og af hverju þau telji þörf á þessari aukningu. Niðurstöðurnar sýna skýrt að mjög margir stjórnendur telja þörf á auknum öryggisráðstöfunum en sem dæmi telja 31 af 37 grunnskólastjórum sem svöruðu könnuninni einhverja eða mikla þörf á frekari öryggisráðstöfunum en eru nú þegar á viðkomandi starfsstað. Af þeim velja 29 að bæta við eftirlitsmyndavélum og 24 myndu kjósa aðgangsstýringu. Sambærilega áherslu má sjá í svörum leikskólastjóra en örlítið minni áhersla í frístundastarfi.

Hversu litla eða mikla þörf telur þú á frekari öryggisráðstöfunum en eru nú þegar á þínum starfsstað?						
Fjöldi svara	Engin þörf	Lítill þörf	Hvorki né	Einhver þörf	Mikil þörf	Alls
Leikskóli	0	7	7	33	10	57
Grunnskóli	0	4	2	23	8	37
Frístundamiðstöð	1	11	8	22	6	48

Út frá svörum stjórnenda var unnin kostnaðaráætlun sem tók mið af kostnaði við skemmdarverk á húsnæði stofnananna árin 2019 og 2020. Umhverfis og skipulagssvið týndi til kostnaði við skemmdarverk sem voru skilgreind sem „rúðubrot“, „innbrot“, „veggjakrot“ og „tjón og skemmdarverk, óflokkað“ fyrir árin 2019 og 2020. Hér fyrir neðan má sjá þær tillögur sem hópurinn leggur til en þær taka mið af óskum stjórnenda og þeirri upphæð sem varið var í að laga eftir skemmdarverk á þessum árum. Fjöldi myndavéla er áætlaður út frá skoðun stjórnenda og kann því að breytast með formlegu tilboði í verkið.

### Öryggismyndavélar

Flestir stjórnendur telja öryggismyndavélar vera þá lausn sem best er til þess fallin að auka öryggi á sínum starfsstöðvum. Samkvæmt könnuninni er það að mestu leiti vegna skemmdarverka en einnig vegna ofbeldis- og eineltismála.

Ef þú hefur merkt við hér ofar að þörf er fyrir eftirlitsmyndavélakerfi, hver er þá ástæða þess? (Má merkja við fl.)					
Fjöldi svara	Ofbeldismál	Eineltismál	Skemmdarverk	Þjófnaðar	Annað, þá hvað?
Leikskóli	9	7	34	11	5
Grunnskóli	21	17	29	21	3
Frístundamiðstöð	17	9	29	23	3
Alls	47	33	92	55	11

Starfshópurinn leggur til að í þremur fösum verði farið í að setja upp öryggismyndavélakerfi í 15 grunnskólum og 9 leikskólum. Fyrsti forgangshópur sem starfshópurinn leggur til eru þeir grunnskólar sem kostnaður nemur 4 milljónum eða meira í lagfæringar eftir skemmdarverk á þessum tveimur árum. Einnig eru þar þeir leikskólar þar sem lagfæringar vegna skemmdarverka hafa kostað 400 þúsund krónur eða meira síðastliðin 2 ár. Í næsta fasa leggur starfshópurinn til að farið verði í að setja upp öryggismyndavélar í þeim grunnskólum sem kostnaður nam 2,5 milljónum – 4 milljónum. Í þriðja fasa er lagt til að farið verði í að setja upp öryggismyndavélar í þeim fjórum skólum þar sem tekið er sérstaklega fram að óskað sé eftir myndavélakerfi vegna sértækra aðstæðna.

#### Fyrsti fasi

##### **Grunnskólar:**

<b>Fellaskóli</b>	16-20 myndavélar	áætlaður kostnaður: 1,5 milljón
<b>Fossvogsskóli</b>	20+ myndavélar	áætlaður kostnaður: 2 milljónir
<b>Hólabrekkuskóli</b>	20+ myndavélar	áætlaður kostnaður: 2 milljónir
<b>Langholtsskóli</b>	16-20 myndavélar	áætlaður kostnaður: 1,5 milljón
<b>Laugalækjarskóli</b>	6-10 myndavélar	áætlaður kostnaður: 1 milljón
<b>Rimaskóli</b>	11-15 myndavélar	áætlaður kostnaður: 1,2 milljón
<b>Seljaskóli</b>	6-10 myndavélar	áætlaður kostnaður: 1 milljón
<b>Víkurskóli</b>	11-15 myndavélar	áætlaður kostnaður: 1,2 milljónir
<b><u>Samtals: 11,4 milljónir</u></b>		

##### **Leikskólar:**

<b>Árborg</b>	1-5 myndavélar	áætlaður kostnaður : 500 þúsund
<b>Funaborg</b>	1-5 myndavélar	áætlaður kostnaður: 500 þúsund
<b>Gullborg</b>	1-5 myndavélar	áætlaður kostnaður: 500 þúsund
<b>Holt</b>	6-10 myndavélar	áætlaður kostnaður : 1 milljón
<b>Hulduheimar</b>	1-5 myndavélar	áætlaður kostnaður 500 þúsund
<b>Sunnuás</b>	6-10 myndavélar	áætlaður kostnaður: 1 milljón
<b><u>Samtals: 4 milljónir</u></b>		

#### Annar fasi

##### **Grunnskólar:**

<b>Árbæjarskóli</b>	16-20 myndavélar	áætlaður kostnaður: 1,5 milljón
<b>Sæmundarskóli</b>	11-15 myndavélar	áætlaður kostnaður: 1,2 milljónir
<b>Ölduselskóli</b>	1-5 myndavélar	áætlaður kostnaður: 500 þúsund
<b><u>Samtals: 3,2 milljónir</u></b>		

<b>Brákarborg</b>	1-5 myndavélar	áætlaður kostnaður: 500 þúsund
<b>Sólborg</b>	1-5 myndavélar	áætlaður kostnaður: 500 þúsund
<b>Sæborg</b>	11-15 myndavélar	áætlaður kostnaður 1,2 milljónir
<b><u>Samtals: 2,2 milljónir</u></b>		

#### Þriðji fasi

<b>Hagaskóli</b>	20 + myndavélar (vegna ofbeldis, eineltis og þjófnaðar)	áætlaður kostnaður 2 milljónir
<b>Austurbæjarskóli</b>	16-20 myndavélar	áætlaður kostnaður 1,5 milljón

(vegna ofbeldis, eineltis og þjófnaðar)

**Hlíðaskóli** 11-15 myndavélar áætlaður kostnaður: 1,2 milljónir

(vegna vegna skemmdarverka)

**Melaskóli** 6-10 myndavélar áætlaður kostnaður: 1 milljón

(vegna skemmdarverka)

**Samtals: 5,7 milljónir**

#### Frístundastarf

Þar sem Umhverfis- og skipulagssvið hefur ekki yfirlit yfir „frístandandi“ húsnæði frístundastarfs þá var ekki hægt að kalla eftir kostnaði við skemmdarverk á þá starfsstaði frístundahluta sem ekki er á skólalóðum. Gert er ráð fyrir að hluti af kostnaði grunnskóla við skemmdarverk þar sem frístundaheimili eða félagsmiðstöð eru hluti af byggingu grunnskóla eða á lóð skólans sé vegna skemmdarverka á húsnæði frístundastarfs. Lagt er til að Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að búa til lista og halda utanum kostnað við frístandandi húsnæði frístundastarfs á vegum SFS svo hægt sé að hafa yfirlit yfir þennan kostnað í framtíðinni.

#### Aðgangsstýring

Á svörum stjórnenda má sjá að þau sjá aðgangsstýringu einnig sem góðan kost til þess að auka öryggisráðstafanir. Einhverjir leikskólar eru nú þegar með aðgangsstýringu og skoða má hvort þetta sé raunhæfur kostur fyrir grunnskóla borgarinnar. Miðað við lauslega könnun fjármáladeildar er kostnaður við þannig kerfi ca. 150 þúsund á hverja útidyráhrúð en mögulega fæst betra verð ef óskað er eftir tilboði í stærri verk. Starfshópurinn telur ekki ástæðu til að skoða þá leið frekar fyrr en farið hefur verið í að setja upp öryggismyndavélar vegna þess að eftir samráð við lögreglu var talið að öryggismyndavélar væru mun skilvirkari leið til þess að lágmarka skemmdarverk og draga úr neikvæðri

Með hvaða aðferð telur þú að best sé að bæta öryggisráðstafanir? (Má merkja við fleiri en einn möguleika)

Fjöldi svara	Aðgangsstýring	Ljósastýring	Eftirlitsmynda vélakerfi	Annað, hvaða?
Leikskóli	32	25	36	4
Grunnskóli	24	12	29	3
Frístundamiðstöð	17	13	27	5
Alls	73	50	92	12

#### Fjármögnun

Hópurinn leggur til að verkefnið sé sett inn í fjárfestingaráætlun, en þá greiðir starfsstaðurinn innri leigu af því þangað til verkefnið er greitt upp.

Nú þegar hefur Skóla- og frístundasvið hafið samtal við Umhverfis- skipulagssvið um fjármögnun á verkefninu en vegna annarra forgangsmála á húsnæði sviðsins þá hefur þetta verkefni beðið afgreiðslu.

#### Viðbragðsáætlun

Starfshópurinn hefur unnið viðbragðsáætlun fyrir starfsfólk sviðsins ef upp kemur óvænt ógnandi hegðun á starfsstöðum. Viðbragðsáætlunin byggir á sambærilegum áætlunum og verkferlum frá Ríkislögreglustjóra og Menntamálaráðuneytinu. Þar sem áætlanir þeirra eru mjög yfirgripsmiklar og nákvæmar var ákveðið að áætlun Skóla- og frístundasviðs yrð

einfaldari og skýr með tilvísun í ítarefni fyrir þá sem vilja kynna sér efnið betur.

Viðbragðsáætlunin er að finna í öðru skjali.

Lagt er til að viðbragðsáætlunin verði kynnt á stjórnendafundum hjá leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi og starfsstaðir hvattir til þess að hafa áætlunina hluta af starfsmannahandbókum starfsstaðanna.

## ERINDISBRÉF<sup>1</sup>

### Starfshópur um öryggismál í skóla- og frístundastarfi – forgangsröðun tillagna fyrri starfshóps, innleiðing, kostnaðarmat og þarfagreining.

#### Ábyrgðarmaður:

Helgi Grímsson

#### Inngangur:

Starfshópur sem skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi 8. október 2019 að settur yrði af stað til að móta tillögur til að auka öryggi barna í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar, kynnti tillögur sínar á 186. fundi skóla- og frístundaráðs 23. júní 2020. Tillögur starfshópsins um aukið öryggi í skóla- og frístundastarfi voru settar fram í fjórum meginliðum:

- Vimið og verklagsreglur;
- Fræðsla og upplýsingagjöf;
- Auðkenningar, merkingar og aðgengi;
- Öryggismyndavélar, lýsing og aðgangsstýring.

Afar mikilvægt er að tryggja eftir megni öryggi barna í skóla- og frístundastarfi en jafnframt er nauðsynlegt að gæta meðalhófs og persónuverndarsjónarmiða og varast að ganga lengra í eftirliti en þörf krefur.

Tillaga um áframhaldandi vinnu nýs starfshóps, á grunni framangreindra tillagna var samþykkt fundinum.

#### Hlutverk:

Starfshópurinn útfæri kostnaðarmetna áætlun um innleiðingu á tillögum til að bæta öryggi, sem feli í sér forgangsröðun og taki mið af aðstæðum og þörf á hverjum stað.

#### Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Móta áætlun um forgangsröðun og innleiðingu á tillögnum:
  - Viðmið og verklagsreglur
  - Fræðsla og upplýsingagjöf
  - Auðkenningar, merkingar og aðgengi
  - Öryggismyndavélar, lýsing og aðgangsstýring
- Gera þarfagreiningu
- Útbúa kostnaðarmat

#### Starfshópurinn skipa:

Guðrún Hjartardóttir, verkefnastjóri á skrifstofu sviðsstjóra, hópstjóri

Gísli Ólafsson, verkefnastjóri frístundahluta fagskrifstofu,

---

<sup>1</sup> Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur\\_reykjavikurborgar\\_um\\_starfs-og\\_styrihopa.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf). Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið [Skilgreining verkefnis](#) áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.

Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjóri á grunnskólahluta fagskrifstofu  
Sigríður Marteinsdóttir, verkefnastjóri á leikskólahluta fagskrifstofu  
Daníel Benediktsson verkefnastjóri í fjármála- og rekstrarþjónustu

**Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:**

Guðrún Hjartardóttir, skrifstofu sviðsstjóra.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

**Starfstími:**

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum í síðasta lagi fyrir 1. apríl 2021.

Reykjavík, 1. október 2020

Helgi Grímsson

Viðbragðsáætlun

**VIÐBRÖGÐ STARFSFÓLKIS VIÐ ÓVÆNTRI ÓGNANDI HEGÐUN.**

Mikilvægt er að starfsfólk þekki vel allar öryggisreglur og viðbrögð sem grípa þarf til ef óvænt ógn steðjar að.

**FRÆÐSLA Á STARFSSTAÐ**

Tryggja þarf að farið sé reglulega yfir viðbrögð við ógnandi hegðun á sama hátt og við slysavarnir, fyrstu hjálp, eldvarnir og rýmingaráætlun. Efni sem tilheyrir þessum þáttum á m.a. að vera aðgengilegt í handbók starfsmanna.

**VIÐBRÖGÐ Á VETTvangi**

Ef upp kemur óvænt ógn á vettvangi skóla- eða frístundastarfs er mikilvægt að starfsfólk taki af skarið og bregðist rétt við með öryggi sjálf síns og barna í fyrirrúmi.

**TAKA STJÓRN**

Sá starfsmaður sem kemur að atburðinum reynir eftir bestu getu að taka stjórn á vettvangi, vernda börn og sjálfan sig og vísa þeim sem ógnar út úr húsi. Æskilegt er að halda ró sinni og gæta að málrómi til þess að ýta ekki undir aðstæður.

Í þeim tilvikum þar sem ástandið er metið svo alvarlegt að starfsfólk starfsstaðarins ráði ekki hjálparlaust við að ná stjórn á aðstæðum er undantekningarlaust **HRINGT Í 112**

**FLÝJA OG FARA Í FELUR**

Ef viðkomandi hlustar ekki er mikilvægt að koma börnum og starfsfólki í burtu frá árársstað sé þess nokkur kostur. Forðist árársstað og sjónlínu árársamanns, leitið skjóls og læsið að ykkur.

Ef árás er yfirstandandi skal aðeins flýja frá felustað ef staðsetning geranda er þekkt og aðgengi að útgangi er auðveld og örugg fyrir börn og starfsfólk.

Starfsfólk sem ekki er með börn í sinni umsjón skal sinna öðrum verkefnum og hlutverkum samkvæmt viðbragðsáætlun starfsstaðarins þar til lögregla eða aðrir viðbragsaðilar koma á vettvang.



## LÁTA VITA

Þegar komið er í skjól **HRINGIÐ í 112** og fylgið fyrirmælum neyðarlínu. Upplýsið annað starfsfólk starfsstaðarins eins og kostur er og haldið öðrum frá árásastað.

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annarstaðar á internetinu.

*Fyrir frekari upplýsingar, vinsamlegast kynnið ykkur kafla tvö í „Leiðbeiningar um viðbrögð í neyðartilvikum“ sem unnið var af Ríkislögreglustjóra og Menntamálaráðuneytinu.*